

Bæjarstjórn - 1975

FUNDARBOÐ

**1975. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 22.
apríl 2026 og hefst kl. 13:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2408584 - Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks

4.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 7.apríl sl.

Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði lagðar fram í fjölskylduráði til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

2. 2603486 - Víkingastræti 1h, umsókn um lóð

6. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.apríl sl.

Lögð fram umsókn HS Veitna

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

3. 2604138 - Tunguhella 8, umsókn um lóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.apríl sl.

Lögð fram umsókn SÁR ehf. um lóðina nr. 8 við Tunguhellu.

Fulltrúi sýslumanns dró úr umsóknum og dregin var út umsókn SÁR ehf. Til vara var dregin út umsókn GH17 ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2604139 - Tunguhella 6, umsókn um lóð

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.apríl sl.

Lögð fram umsókn SÁR ehf. um lóðina nr. 6 við Tunguhellu.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2208015 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2026-2038

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.apríl sl.
Lögð fram uppfærð tillaga að nýju aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2025-2040 í kjölfar niðurstöðu athugunar HMS dags. 24.3.2026. Skipulagsráðgjafi mætir til fundarins.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2025-2040 í auglýsingu og kynningu.

6. 2604031 - Undirhlíðar breyting á deiliskipulag

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.apríl sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Undirhlíðanámu.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa vinnslutillögu deiliskipulags Undirhlíðanámu.

7. 2603502 - Hraun Vestur Hjallar, reitur 3.3, breyting á deiliskipulagi

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.apríl sl.
Sveinn Bjarki Þórarinnsson fh. lóðarhafa sækir 18.3.2026 um breytingu á deiliskipulagi Hrauns vesturs, Hjallar, reitur 3.3. Tillagan gerir ráð fyrir 6 fjölbýlishúsum á 4-5 hæðum auk kjallara samtals 240 íbúðir og 600 fm. atvinnuhúsnæði. Skipulagshöfundar mæta til fundarins og kynna.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu að deiliskipulagi reitar 3.3, Hraun vestur Hjallar.

8. 2512025 - Snókalönd, breyting á deiliskipulagi

7. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.apríl sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 11. febrúar 2026 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Snókalanda við Bláfjallaveg. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit fyrir allt að 18 kúluhúsum fyrir stjórn- og norðurljósaskoðun, en hvert hús er allt að 18 fm að stærð ásamt 10 fm viðbyggingu með salernisaðstöðu. Á núverandi byggingarreit er einnig gert ráð fyrir 2 þjónustubyggingum til viðbótar. Tillagan var í kynningu 20. febrúar til 3. apríl 2026. Lagðar fram athugasemdir og svör við framkomnum athugasemdum. Uppfærður uppdráttur lagður fram.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi Snókalanda.

9. 24011110 - Hættumat vegna jarðskjálfta og eldgosavár á höfuðborgarsvæðinu

Nýtt hættumat lagt fram. Umræður.

10. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður.

Fundargerðir

11. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerðir fjölskylduráðs frá 7. og 14. apríl sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 16.apríl sl.

a. Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 24.febrúar og 30.mars sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 8.apríl sl.

c. Fundargerð stjórnar SHS frá 13.mars sl.

d. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 10.og 20.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15.apríl sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 11. febrúar sl.

b. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 10. og 20. mars sl.

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 16. og 20.apríl sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 15.apríl sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 20.apríl sl.

Áætlanir og ársreikningar

12. 2511294 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2025 og fyrirtækja hans, fyrri umræða

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl sl.

Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráðs smáþykkir fyrirliggjandi ársreikning og vísar til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningi Hafnarfjarðar fyrir síðasta ár var reksstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs neikvæð um rúmlega 1,1 milljarð en rekstrarhluti A og B hluta var jákvæð um 50 milljónir. Þetta gerist þrátt fyrir auknar tekjur miðað við áætlanir. Einnig kemur fram að alls voru tekin ný lán upp á rúma 6 milljarða en greiddar voru afborganir alls tæplega 2,5 milljarðar og langtímaskuldir hækka um rúma 2,3 milljarða milli ára. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar munu gera grein nánari grein fyrir afstöðu sinni við fyrri og síðari umræðu um málið í bæjarstjórn.

20.04.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri